# 165 Skín á himni skír og fagur







5. Allir fylltust anda hreinum,
Guðs andi kenndi lærisveinum
að tala ókunn tungumál.
Fyll þú brjóst vor, friðarandi,
og fjötrum svipt og sterku bandi
af vorri tungu, vorri sál.
Ó, lát þinn lausnarkraft
vort leysa tunguhaft.
Allar tungur
með allan mátt
á allan hátt
þér alla vegsemd rómi hátt.

**T** Valdimar Briem – Sb. 1886
**L** Philipp Nicolai 1599 – Hymnodia Sacra 1742 – Sb. 1871
**R** Sálmasöngsbók til kirkju- og heimasöngs 1936

Ný sálmasöngsbók © Skálholtsútgáfan, 2023